

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 101/2014**

2014/EES/54/03

frá 4. febrúar 2014

um leyfi fyrir L-týrósinu sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-týrósinu sem fóðuraukefni í virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-týrósinu, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í

álitinu sínu frá 20. júní 2013⁽²⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-týrósin ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og að það geti talist eiga virkan þátt í að fullnægja þörfum allra dýrategunda fyrir amínósýrur sem innihalda brennistein. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á því efni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 34, 5.2.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtuð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(7), 3310.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
José Manuel BARROSO
forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með rakainnihald	með 12% rakainnihald		
3c401	—	L-týrósin	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Duft sem er framleitt með vatnsrofi á hyrni úr alifuglafljóðrum með 95% lágmarksinnihald L-týrósin</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>IUPAC-heiti: (2S)-2-aminó-3-(4-hýdroxyfenylyl)própansýra</p> <p>CAS-númer: 60-18-4</p> <p>Efnaformúla: C₉H₁₁NO₃</p> <p><i>Greiningaraðferðir</i> (1)</p> <p>Til að ákvarða L-týrósin í fóðuraufinu:</p> <p>Títunarmæling, Evrópska lyfjaskráin (Ph. Eur. 6.0, aðferð 01/2008-1161).</p> <p>Til að ákvarða L-týrósin í forblöndum, fóðurböndum og fóðurefnum:</p> <p>Jónagreining með afleiðumyndun eftir stölu og ljósmæligreiningu:</p> <p>Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009⁽²⁾ (III. viðauki, F).</p>	Allar tegundir	—	—	—	<p>1. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.</p> <p>2. Notkunarleiddbeiningar skulu innihalda ráðleggingar um að innihald L-týrósin fari ekki yfir 5 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og 15 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.</p>	25. febrúar 2024
<p>Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: aminósýrur, sölt þeirra og hlíðstæð efni</p>									
<p>(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/authorisation/evaluation_reports/Pages/index.aspx</p> <p>(2) Stjórn. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.</p>									